

Nd.

219. Frumvarp til laga

um stríðsgróðaskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Auk þess skattgjalds, sem ákveðið er í 6. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, skal leggja á og innheimta sérstakan stríðsgróðaskatt samkvæmt eftirfarandi reglum:

Ef skattskyldar tekjur nema 45000—60000 kr., greiðist 3% af því, sem er umfram 45000 kr.

Af 60000—75000 kr. greiðist	450 kr. af	60000 kr. og	6% af afganginum.
— 75000—100000 — —	1350	— — 75000 — —	10 — — —
— 100000—125000 — —	3850	— — 100000 — —	20 — — —
— 125000—150000 — —	8850	— — 125000 — —	30 — — —
— 150000—175000 — —	16350	— — 150000 — —	42 — — —
— 175000—200000 — —	26850	— — 175000 — —	55 — — —
— 200000 og þar yfir — —	40600	— — 200000 — —	68 — — —

2. gr.

Stríðsgróðaskattur skal lagður á og innheimtur um leið og tekju- og eignarskattur og af sömu aðilum. Ríkissjóður greiðir hlutaðeigandi sveitarfélagi 45% af þeim stríðsgróðaskatti, sem þar er á lagður og innheimtur, þó aldrei hærrí fjárhæð en sem nemur 2 krónum á móti hverjum 3 krónum, sem jafnað er niður í útsvörum í sveitarfélaginu á því ári.

3. gr.

Ríkissjóður greiðir 5% — fimm af hundraði — af stríðsgróðaskatti, sem innheimtur er eftir lögum þessum, til sýslufélaga og þeirra bæjarfélaga, er engan skatt fá samkvæmt 2. gr. Fé þessu skal skipt í hlutfalli við þann tekjuskatt, sem tilfellur í viðkomandi sýslu- og bæjarfélögum.

4. gr.

Meðan ákveðið er í lögum, að greiða skuli 90% — niutíu af hundraði — samtals í tekjuskatt og stríðsgróðaskatt af skattskyldum tekjum yfir 200 þús. krónur, er óheimilt að leggja tekjuútsvör á þann hluta af hreinum tekjum gjaldenda, sem er umfram 200 þús. krónur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1942, miðað við tekjur ársins 1941. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 10 5. maí 1941, um stríðsgróðaskatt.